

Reykjavík,
7. desember
2016

Ilmur Kristjánsdóttir
Velferðarráð Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14.
105 Reykjavík.

Landssamtökin Geðhjálp skora á velferðarráð Reykjavíkurborgar að efna til úrbóta í búsetuúrræðum fyrir fólk með tvíþættan vanda, þ.e. geð- og vímuefnavanda. Tryggja þarf aðgang að hentugu húsnæði, smærri íbúðakjörnum og félagslegum íbúðum til að koma í veg fyrir að fólk í þessum hópi hafni ekki á vergangi eða dvelji langtímum saman í neyðarskýlum.

Þak yfir höfuðið er ein af meginforsendum þess að fólk með geðrænan vanda geti hafið bataferlið sitt hvort heldur viðkomandi er háður eða óháður vímuefnum. Því miður blasir við knýjandi skortur á fjölbreyttu húsnæði fyrir þennan hóp á höfuðborgarsvæðinu. Fjölmennur hópur bíður í foreldrahúsum, á sjúkrahúsum og öðrum stofnunum eftir húsnæði við hæfi eins og kom fram á málþingi velferðarsviðs um búsetumál fólks með geðfötlun þann 15. nóvember.

Lýsandi dæmi um ástandið er að bið eftir félagslegu húsnæði fyrir fólk með geðfötlun í Reykjavík er um þrjú ár. Þar er ekki aðeins um að kenna skorti á félagslegu húsnæði heldur ósanngjörnu matskerfi borgarinnar gagnvart fólki með geðfötlun. Brýnt er að endurskoðun þessa kerfis fari fram hið fyrsta. Með sama hætti er ljóst að koma þarf upp minnst tveimur búsetukjörnum og sérhæfðu úrræði fyrir einstaklinga með einhverfu og alvarlegan geðvanda.

Steininn tekur þó úr þegar kemur að skorti á búsetuúrræðum fyrir fólk með tvíþættan vanda eins kom fram á áður nefndu málþingi velferðarsviðs. Þessi viðkæmi hópur á í fá hús að venda og sérstaklega þegar einstaklingar eru ekki tilbúnir til að láta af neyslu. Því miður er algengt að þeir hafni á götunni og séu jafnvel daglegir gestir í gistiskýli Reykjavíkurborgar og Konukoti svo vikum, mánuðum og jafnvel árum skiptir.

Þó vel sé að hópnum búið í þessum úrræðum er ljóst að hvorugt þeirra stuðlar að bata eða uppfyllir skilyrði 19. greinar Samnings Sameinuðu þjóðanna um sjálfstætt líf án aðgreiningar í samfélaginu. Brýnt er að úr þessu verði bætt með framboði af viðeigandi búsetuúrræðum eins og fámennum íbúðakjörnum. Með þeim er einstaklingum með tvíþættan vanda skapaður raunverulegur grundvöllur til að byggja upp líf sitt til frambúðar. Síðast en ekki síst ber að tryggja viðeigandi ráðgjöf og stuðning til sjálfshjálpar.

Virðingarfyllst fyrir hönd Geðhjalpar,

Hrannar Jónsson, formaður.

